

Svar

forsætisráðherra við fyrirspurn Árna Þórs Sigurðssonar
um ráðningar starfsmanna í Stjórnarráðinu.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hversu margir starfsmenn hafa verið ráðnir til starfa, annarra en afleysinga, í Stjórnarráði Íslands án þess að starfið væri auglýst árin 2007–2011, sundurliðað á einstök ráðuneyti og ár?*
2. *Hversu margir þessara starfsmanna eru nú starfandi í hverju ráðuneyti fyrir sig?*

Í 2. málsli. 1. mgr. 56. gr. laga um þingsköp Alþingis er kveðið á um það, m.a., að fyrirspurn til ráðherra skuli varða mál sem hann ber ábyrgð á.

Framangreind fyrirspurn sem beint er til forsætisráðherra lýtur að ráðningu starfsmanna í öllum ráðuneytum Stjórnarráðsins á tilgreindu tímabili. Ábyrgð á starfsráðningum innan Stjórnarráðs Íslands hvílir hins vegar sjálfstætt hjá hverju ráðuneyti og ráðherra fyrir sig. Í samræmi við það og ákvæði 2. málsli. 1. mgr. 56. gr. þingskapa ber að beina fyrirspurnum er varða starfsráðningar í einstökum ráðuneytum til þess ráðherra sem fer með viðkomandi ráðuneyti. Sé óskað upplýsinga um starfsráðningar í öllum ráðuneytum ber samkvæmt framansögðu að beina sérstakri fyrirspurn þess efnis til hvers og eins ráðherra.

Tekið skal fram að berist forsætisráðherra fyrirspurn um ráðningar starfsmanna í forsætisráðuneytinu verður þeirri fyrirspurn að sjálfsögðu svarað efnislega enda sé hún að öðru leyti í samræmi við form- og efnisskilyrði þingskapa. Til nánari skýringar á framangreindri afstöðu er vísað til svars forsætisráðherra við fyrirspurn á 139. löggjafarþingi á þingskjali 1414 sem og til bréfs forsætisráðuneytisins til forseta Alþingis, dags. 18. apríl 2011.